

Barnaverndarstofa hefur gefið út fræðslurit og myndbandið „TALAÐU VIÐ MIG“ - leiðbeiningar fyrir barnaverndarstarfsmenn í samtölum við börn, en um er að ræða efni útbúið að frumkvæði barna- og jafnréttisráðuneytisins í Noregi sem Barnaverndarstofa hefur látið texta og þýða á íslensku. Myndin og leiðbeiningaheftið gagnast þeim sem hafa það að starfi að tala við börn, en efnið er sérstaklega ætlað barnaverndarstarfsmönnum. Í leikinni mynd hittum við fyrir systurnar Matthildi og Benediktu í þann mund er barnaverndarstarfsmenn grípa inn í líf fjölskyldunnar.

Í tilefni af útgáfunni bauð Barnaverndarstofa til morgunverðarfundar þann 11. febrúar sl. að Grand Hotel Reykjavík. Á morgunverðarfundinum var fjallað um samtöl við börn og unglinga í barnaverndarstarfi. Dagskráin hófst með ávarpi Braga Guðbrandssonar forstjóra Barnaverndarstofu en síðan fjallaði Karl Marinósson félagsráðgjafi, sem þýddi efnið, um það hvernig hægt er að nýta sér gögnin í starfi. Þá ræddi Ólöf Ásta Farestveit forstöðumaður Barnahúss um þær aðferðir sem notaðar eru í könnunarviðtali og skýrslutöku í Barnahúsi.

Síðar þennan sama dag var Karl Marinósson félagsráðgjafi með stutt námskeið fyrir barnaverndarstarfsmenn um efni fræðsluritsins. Á námskeiðinu var lögð áhersla á:

- Hvað einkennir gott samtal við börn, og hvað gerir gott samtal fyrir börn í vanda.
- Fimm grundvallaratriði samtalsins og fræðilegur grunnur þessara atriða
- Hvernig gott er að bera sig að í samtölum við börn
- Sá mikilvægi „hinn“ þ.e. forsjáraðili eða umönnunaraðili og mikilvægi hans í samtalinu, hvort sem hann er viðstaddur eða ekki.

Fræðsluefnið má nálgast hjá Barnaverndarstofu en áætlað er að bjóða upp á námskeið fyrir barnaverndarstarfsmenn og helstu samstarfsaðila í samræmi við eftirspurn. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 530 2600, einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: bvs@bvs.is